



Tillaga fulltrúa B, C og S lista til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Hinsegin fræðsla í Mosfellsbæ

Dags: 7.11.2022

Málsnúmer: 202211093

Málsmeðferð: Til samþykktar

Starfsmaður: Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

Tillaga:

Lagt er til að bæjarstjóra í samvinnu við framkvæmdastjóra, skólastjórnendur og aðra forstöðumenn verði falið að leggja fram áætlun þar sem lögð verði áhersla á fjölbreytta hinsegin fræðslu í Mosfellsbæ.

Greinargerð:

Hinsegin börn og ungmenni eru í öllum skólum Mosfellsbæjar. Þau eiga það sameiginlegt að falla út fyrir það sem telst normið hvað varðar kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni.

Öflug hinsegin fræðsla og meðvitund um hinsegin málefni er mikilvæg í sveitarfélaginu og hafa einstaka skólar og félagsmiðstöðvar staðið fyrir slíkri fræðslu. Fulltrúar í B, C og S lista leggja til að frekari áhersla verði lögð á hinsegin fræðslu hjá Mosfellsbæ á næsta ári. Skipulögð verði fræðsla fyrir börn, ungmenni, forráðamenn, starfsfólk, stjórnendur og starfsfólks æskulýðs og íþróttafélaga í Mosfellsbæ.

Mikilvægt er að skólasamfélagið hafi þekkingu á hinsegin málefnum og taki frumkvæði að því að ræða fjölbreytileikann í sinni víðustu mynd. Einnig að félagsmiðstöðvar og íþróttafélög fái þann stuðning sem nauðsynlegur er til að efla umræðuna á sínum vettvangi með það að markmiði að koma í veg fyrir fordóma, einelti og annað ofbeldi.

Er því lagt til að bæjarstjóra í samvinnu við framkvæmdastjóra, skólastjórnendur og aðra forstöðumenn verði falið að leggja fram áætlun þar sem lögð verði áhersla á fjölbreytta hinsegin fræðslu í Mosfellsbæ meðal annars að kanna möguleikann á að ganga til samstarfs við Samtökin 78.